




Aðkoma heilbrigðisþjónustunnar að velferð barna á tímum efnahagsþrenginga

“Sinum heildinni og einstaklingurinn mun blómstra”

Héðinn Unnsteinsson





Íslenskar aðgerðáætlanir um heilsu og líðan barna og ungmenna

- A) Heilbrigðisáætlun til 2010
- B) Þingsályktunartillaga að aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna
- C) Heilsustefna
- D) Fjöldi skýrslna og áætlana (ráðuneyta og stofnanna)



Flæði-greining

Flæði:

Rannsóknir (þekkingarsköpun) → greining
→ stefnur → aðgerðaáætlanir →
aðgerðir → endurskoðun

Greining:

Viðtengingarhátturinn “verði”
“óskhyggjuháttur”



Velferð íslenskra barna

- Hvað er heilbrigðisráðuneytið að gera til að bæta heilsu og líðan íslenskra barna?

A) Heilbrigðisáætlun til 2010

1. Stuðningur við fjölskyldur, einkum þær sem búa við lægri þjófélagsstöðu.
2. Hvetja skóla til að taka upp aðferðir heilsueflandi skóla.
3. Fjölgun og aukið jafnræði í úrræðum geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn.
4. Bætt tengsl heilsugæslu og geðheilbrigðisþjónustu.



Hvað er Heilbrigðisráðuneytið að gera til að bæta heilsu og líðan íslenskra barna?

5. Fræðsla og aðgerðir sem hvetja til heilbrigðra lífshátta barna, foreldra og kennara.
6. Aukin tengsl skóla við geðheilbrigðisþjónustu, m.a. með efldri sálfræðiþjónustu í skólum.
7. Efling rannsókna á tengslum sjúkdóma og þjóðfélagsstöðu.
8. Aðgengi barna og ungmenna að tannlæknisþjónustu **verði** auðveldað.



Hvað er Heilbrigðisráðuneytið að gera til að bæta heilsu og líðan íslenskra barna?

9. (2007) Ráðist **verði** í aðgerðir sem byggjast á gagnreyndum aðferðum og miði að því að bæta mataræði og auka hreyfingu.
10. (2007) Aukin samþætting heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu.
11. (2007) Samræmdar **verði** aðgerðir



B) Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna: (8 kaflar)

II Aðgerðir er bæta afkomu barnafjölskyldna

- Afkoma barnafjölskyldna **verði** bætt, meðal annars með hækkun barnabóta tekjulágra fjölskyldna.
- Tannvernd barna **verði** bætt með gjaldfriðslu eftirliti, forvarnaaðgerðum og auknumniðurgreiðslum á tannviðgerðum barna. Skal höfð hliðsjón af niðurstöðum MUNNÍS rannsóknarinnar og markmiðum gildandi heilbrigðisáætlunar.
- Nemendur í framhaldsskólum skulu njóta stuðnings til kaupa á bókum og öðrum námsgögnum.
- Skipuð **verði** nefnd er fjalli um stöðu einstæðra og forsjárlausra foreldra og réttarstöðu barna þeirra.



B) Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna: (8 kaflar)

III. Aðgerðir í þágu barna, ungmenna og foreldra og stuðningur í uppeldisstarfi.

- Fæðingarorlof **verði** lengt í áföngum á kjörtímabilinu.
- Unnið skal að því að foreldrum standi til boða uppeldisráðgjöf og þjálfun í foreldrafærni með sérstökum námskeiðum sem hæfi mismunandi æviskeiðum í lífi barnsins. Einkum skal leggja áherslu á fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra fyrsta barns, foreldra barna á unglingsaldri og foreldra barna með sérþarfir. Miðað skal við að þessi ráðgjöf og þjónusta standi foreldrum til boða óháð búsetu og að hún skuli skipulögð í tengslum við starfsemi heilsugæslustöðva, skóla og/eða félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Stefnt **verði** að því að starfsfólk í ungbarnaeftirliti, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eigi kost á þjálfun til að geta miðlað þekkingu til foreldra í uppeldismálum, þ.m.t. ráðgjöf vegna hegðunarerfiðleika barna.



B) Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna: (kafla 4 af 8)

- IV. Almennar forvarnaaðgerðir.

- Áhersla **verði** lögð á heilsuefningu barna og ungmenna í samfélaginu, meðal annars með því að auka **hreyfingu** og bæta **næringu** og fæðuval barna og ungmenna. Lögð **verði** áhersla á fræðslu um offitu og forvarnir gegn ofþyngd og bætt úrræði til meðferðar. Aðgengi barna og ungmenna að hollum mat í leik og starfi **verði** aukið.
- Stuðlað **verði** að reyklusu umhverfi barna og ungmenna og forvörnum gegn reykingum verður áfram sinnt vel. Ungmennum verður veitt viðeigandi fræðsla um áhrif og afleiðingar áfengisneyslu ekki síður en ólöglegra vímuefna í samræmi við lögbundna fræðslu um tóbaksvarnir í grunnskólum auk þess sem hugað **verði** að aðgengi ungmenna undir lögaldri að áfengi.
- Beitt **verði** forvörnum í vaxandi mæli til þess að bæta heilsu og líðan barna og ungmenna. Sérstök áhersla **verði** lögð á almennar forvarnir og fræðslu í samfélaginu er varða andlega og félagslega líðan. Þetta **verði** gert með því að leggja aukna áherslu á **geðrækt**, meðal annars á hollar tómsstundir og uppbyggilega nýtingu frítíma og samveru fjölskyldunnar við leik og störf. Stefnt **verði** að því, í samvinnu við frjáls félagasamtök og sveitarfélög, að bæta aðgengi allra barna og ungmenna að íþróttum og félagsstarfi, ekki síst þeirra einstaklinga er búa við veikan fjárhag.



B) Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna: (kaflí 4 af 8)

V. Aðgerðir í þágu barna og ungmenna með geðraskanir og þroskafrávik og langveikra barna.

- Fyrirkomulag þjónustu við börn með geðraskanir og þroskafrávik **verði** skoðað með sérstakri áherslu á skipulag vegna greiningar og mats á þörfum fyrir úrræði. Leitað **verði** leiða til að efla sérhæft samstarf á milli ólíkra þjónustuaðila og stjórnsýslustiga og auka samvinnu allra þeirra er koma að því að veita eða nota þessa þjónustu.
- Lokið **verði** úttekt á skipulagi fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu á mismunandi landsvæðumvið börn og ungmenni með geð- og hegðunarraskanir. Á grundvelli úttektarinnar **verði** teknar ákvarðanir um skipulag samstarfs þar sem skýrt verður kveðið á um ábyrgð veitenda þjónustunnar gagnvart notendum hennar.
- Þegar **verði** gripið til sérstakra aðgerða í því skyni að vinna á biðlistum eftir þjónustu barna- og unglíngageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Framkvæmdastjórn
- Landspítala – háskólasjúkrahúss **verði** meðal annars falið að vinna að því verkefni þannig að betra jafnvægi náist milli eftirspurnar og framboðs á þjónustu.
- Áhersla **verði** lögð á að efla eftirfylgni með börnum og ungmendum með geðraskanir á vegum heilsugæslunnar, skóla og sveitarfélaga að lokinni útskrift af göngudeild og legudeild barna- og unglíngageðdeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss.
- Þegar í stað **verði** gripið til sérstakra aðgerða til að vinna á biðlistum eftir þjónustu Greiningar-og ráðgjafarstöðvar ríkisins, til dæmis með árangurstengdum samningum við tiltæka sérfræðinga með þekkingu og reynslu.
- Unnið **verði** að bættri stöðu langveikra barna, meðal annars með það að leiðarljósi að efla sálfélagslegan stuðning við fjölskyldur og auka rétt langveikra barna til félagslegrar þjónustu til samræmis við rétt fatlaðra barna. Jafnframt **verði** áhersla lögð á að auka samhæfingu og efla samstarf hlutaðeigandi aðila.

Héðinn Unnsteinsson



B) Þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna: (kaflí 4 af 8)

VI. Aðgerðir í þágu barna og ungmenna með hegðunarerfiðleika og í vímuefnavanda.

- Fjölbreytni meðferðarúrræða fyrir börn og ungmenni með hegðunar- og vímuefnavanda **verði** aukin. Í því skyni **verði** komið á fót meðferð utan stofnana sem veitt skal á vettvangi fjölskyldunnar og í nánasta umhverfi barnsins og **verði** Barnaverndarstofu nú þegar falið að annast framkvæmd þess.
- Viðbragðsflýttir og markvissari íhlutun í mál ungmenna með vímuefnavanda **verði** aukin, meðal annars með ráðgjöf fyrir foreldra. Leitað **verði** eftir samningum við frjáls félagasamtök um að annast ráðgjöf sem veitt er símleidis allan sólarhringinn.
- Stuðningur við börn og ungmenni sem lokið hafa stofnanameðferð **verði** efldur.
- Unnin **verði** heildstæð aðgerðaáætlun í forvörnum vegna vímuefnaneyslu barna, meðal annars í samstarfi við frjáls félagasamtök.



Velferð íslenskra barna

C) Heilsustefna (geðrækt-hreyfing-næring)

Markhópur: Börn á leikskólaaldri

- 1) Hvetja og aðstoða leikskóla við að útfæra heilsustefnu í skólanámskrá sinni þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan barna og starfsmanna þar sem komið verður á samstarfi við foreldra
- 2) Gefa út DVD-disk fyrir leikskóla með leikjum og æfingum til að auka hreyfingu meðal barna
- 3) Veita viðurkenningar til mötuneyta í leikskólum sem fara eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni sem útfærðar eru í handbók fyrir skólamötuneyti

Markhópur: Börn á grunnskólaaldri

- 1) Hvetja og aðstoða grunnskóla við að útfæra heilsustefnu í skólanámskrá sinni, þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda og starfsmanna þar sem komið verður á samstarfi við foreldra- og nemendaráð



Velferð íslenskra barna

- 2) Veita viðurkenningar til mötuneyta í grunnskólum sem leggja sig fram um að fara eftir ráðleggingum Lýðheilsustöðvar um mataræði og næringarefni sem útfærðar eru í handbók fyrir skólamötuneyti
- 3) Hvetja frístundaheimili til að bjóða upp á næringu í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar
- 4) Hvetja grunnskóla og foreldra til auka hreyfingu barna
- 5) Grunnskólar séu án tóbaks og vímuefna

Héðinn Unnsteinsson





Heilsugæslan - Núverandi staða

- Heilsugæslan (HH) óvissa með niðurskurð
- Öll þjónusta Heilsugæslunnar fyrir börn og ungmenni er ókeypis
- Allir hjúkfr. Hgsl. búnir fara á HAM námskeið



Heilsugæslan - Núverandi staða

- **Þróunarstofa (HH)**

- Mæðravernd

- Auknar áhyggjur mæðra af ástandinu
- Þar sem af er árinu er 5% aukning á fjölda kvenna er sækja mæðravernd hjá Heilsugæslu höfuðborgasvæðisins miðað við sama tíma og í fyrra
- mat ljósmæðra að símtölum frá barnshafnadi konum hefur fjölgað

- Ung- og smábarnavernd HH

- Heimavitjanir (3-6)
- Bólusetningar og skimanir
- Hlusta á foreldra meiri tími...óvissutengt
- Innleiða áhættumat fyrir fjölskyldur (tillögur sál-fél hóps)
- Styrkja starfsmenn (hvatningarviðtöl og ham) (tillögur sál-fél hóps)



Heilsugæslan - Núverandi staða


- Skólasvið (samstarf, BUGL, LSH, LHS)
 - Skólaheilsugæsla
 - Forvarnir og heilsuefling
 - Fræðsla
 - Bólusetningar og skimanir



Heilsugæslan - Núverandi staða


Langvinnur heilsuvandi skólabarna Íslensk rannsókn gerð vorið 2005

Miðstítt heilsuvandabarna



Skólabörn
6-15 ára

19%



Annað (18%)
Heila og tauga (9%)
Ofnæmi (17%)
Ofþyngd og efnask. (18%)
Hegðunar og geð (40%)

Langvinnur heilsuvandi
(n=5.690)

Um 20% grunnskólabarna eru langveik

Héðinn Unnsteinsson



Skólaheilsugæslan (HH)

	2008 - komur	2009 - komur*	% munur
• Janúar	5.091	6.263	23,02
• Febrúar	5.539	6.321	14,12
• Mars	3.604	7.637	111,90
• Apríl	6.167	4.665*	-24,36
• Maí	4.017	6.022	49,91
– Samtals	24.418	30.908	26,58%


Samanburður

gróin hverfi – hverfi í örri uppbyggingu


Úrtak með 1700 nemendum í hvorum hópi fyrir sig
4 til 6 skólar í hvorum hópi
Sami hjúkrunarfræðingur og svipað stöðuhlutfall pr. nemanda

2007

2008



Gróin hverfi



Hverfi í örri uppbyggingu



Heilsugæslan - Núverandi staða

- Þroska og hegðunarstöð HH

- Á árinu 2006 var, vegna brýnnar þarfar, starfsemi sviðsins útvíkkuð
- Auk frumgreiningar þroskafrávika, var byrjað að sinna sérhæfðri greiningu ADHD (og skyldra raskana) og efri aldursmörk færð úr 6 árum í 12
- Við þetta fjölgaði tilvísunum um tæpan þriðjung auk þess sem flóknari og tímafrekari málum var nú sinnt. Því óx biðlisti og biðtími lengdist
- Bætt var við stöðum sálfræðinga og náðist góður árangur í að minnka biðlista og stytta biðtíma
- Á núlíðandi ári hefur fjöldi tilvísana aftur aukist og biðlisti og biðtími hafa því lengst að nýju. Á biðlista nú eru um **120 börn**



Yfirlit yfir fjölda tilvísana til Þroska- og hegðunarstöðvar* á árunum 2006 – 2009

*áður Þroska- og hegðunarsvið Miðstöðvar heilsuverndar barna

		2006	2007	2008	2009	
Tilvísanir 1.1. til 30.6.		93	176	156	201	
Börn athuguð 1.1. til 30.6.		84	122	123	118	
Tilvísanir 1.7. til 31.12.		112	115	136	175	(150-200)
Tilvísanir allt árið		205	291	292	370	(350-390)

Héðinn Unnsteinsson



LSH

- BUGL
 - Biðtími eftir þjónustu styttri en '07-'08
 - Tilvísunum ekki fjölgað
 - Bráðamálum ekki fjölgað
 - Biðlistinn nú 90-100 börn






Skýrsla vinnuhóps heilbrigðisráðuneytisins um sál- félagslegar afleiðingar efnahagsþrenginganna

Héðinn Unnsteinsson



Starfshópurinn

- Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir á Landspítala, formaður
- Guðný Björk Eydal, dósent við félagsráðgjafardeild H.Í.
- Guðrún Sigurjónsdóttir, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu
- Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur á Landspítala
- Matthías Halldórsson, landlæknir
- Salbjörg Bjarnadóttir, geðhjúkrunarfræðingur landlæknisembættinu.
- Með starfshópnum starfaði Héðinn Unnsteinsson, sérfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu.



Héðinn Unnsteinsson



Tilurð

- Eftir bankahrunið í október 2008 gerðu stjórnvöld sér fljótlega grein fyrir því að hér á landi gætu áhrif hrunsins orðið svipuð og í Finnlandi og Svíþjóð eftir efnahagskreppur þar.
- Sálfélagslegar afleiðingar kreppunnar í Finnlandi urðu miklar. Hafa þær verið mikið ræddar og rannsakaðar þar í landi.
- Til að reyna að milda áhrif fjármálakreppunnar með tillögum að aðgerðum á sviði heilbrigðis- og velferðarmála, skipaði ráðherra starfshóp sérfræðinga þann 23. janúar 2009.
- Hópurinn skilaði af sér í ágúst 2009



Vinnulag

- Hópurinn hafði viðtækt samráð við ýmsa aðila. Á fimm fundum hópsins komu bæði fagfólk og fulltrúar félagasamtaka. Starfshópurinn lagði í starfi sínu áherslu á að hugmyndir að aðgerðum væru framkvæmanlegar með sem minnstum tilkostnaði í ljósi þeirrar hagræðingar sem þegar var hafin á heilbrigðiskerfinu

Héðinn Unnsteinsson




Finland

- Finnsk stjórnvöld virðast hafa vanmetið þau geðrænu og félagslegu áhrif sem síðar komu á daginn. Finnsk heilbrigðisyfirvöld hrundu ekki af stað sérstökum úrræðum til að styðja við börn, fjölskyldur og fullorðna á þessum erfiðu tímum. Þvert á móti voru framlög til geðheilbrigðisþjónustu skorin niður (Haukur Sigurðsson, 2008).
- Þetta voru eftir á að hyggja mistök.



Mynd 2. Fjöldi barnaverndarmála í Finnlandi 1995-2005



(STAKES, 2007 í Forssén, 2009).



Meðfylgjandi tafla sýnir að í Finnlandi eru hlutfallslega fleiri börn vistuð utan heimilis en á öðrum Norðurlöndum.

Tafla 2. Norðurlönd hlutfall barna pr. 1000 börn sem eru vistuð utan heimilis árið **2006**

	D	F	I	N	S
0-6 ára	3.3	6.6	0.7	4.2	3.9
7-14 ára	10.3	11.5	4.6	9.1	7.9


(NOSOSKO 2007).

Hér verður að hafa í huga að hærri tölur geta verið vitnisburður um öflugna barnavernd, en engu að síður vekur sú staðreynd að tölur fyrir Finnland, sérstaklega í yngri aldurshópunumu mun hærri en á öðrum Norðurlöndum. Þá vekja lágar tölur fyrir Ísland einnig athygli í þessu sambandi.

Héðinn Unnsteinsson

Mynd 1. Aukning á fjölda örorkuþega vegna geðrænna vandamála 2000-2007 eftir aldurshópum

Árið 2000 = 100



(Tölur frá Tryggingastofnun Finnlands frá árunum 2000-2007 úr samantekt sem Haukur Sigurðsson sálfræðingur vann með finnskum þýðanda: Haukur Sigurðsson, 2009)



Sérfræðingar frá Finnlandi á Íslandi

- Kjarninn í málflutningi þessara finnsku fræðimanna, er að það sé ekki aðeins mannúðlegt að að þetta sálfélagslega netið í kringum börn, unglunga og atvinnuleitendur á tímum kreppu og atvinnuleysis, **heldur sé það einnig að líkindum ódýrara en að gera það ekki, þegar horft er til lengri tíma.** Ekki er hægt að útiloka að mikil aukning langtímaörorku og fjölgun barnaverndarmála í Finnlandi á árunum 2000-2007, tengist niðurskurði í heilbrigðis- og félagsþjónustu.



Viðbrögð Finna við kreppu

- Samdráttur velferðarútgjalda á öllum sviðum
- Þeir sem hafa rannsakað afleiðingar kreppunnar benda á að harkalegur niðurskurður velferðarútgjalda hafi líklega gengið of langt. Með betri undirbúningi og markvissari vinnubrögðum hefði mátt ná meiri árangri með minni fórnarkostnaði (Hjeppe *et al.* í Lehtonen, Aho, Petola og Renvall, 2001)
- Íslendingar þurfa að standa betur að samdrætti í ríkisútgjöldum til að fyrirbyggja sálfélagsleg vandamál og koma í veg fyrir að velferðarútgjöld aukist til lengri tíma.



Ísland

- En hvernig þéttum við sálfélagslegt net í kringum börn, unglunga og atvinnuleitendur?
 - menntun til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði
 - ódýr hópúrræði
 - þétta barnaverndarstarf
 - efla starf skólafélagsráðgjafa og skólasálfræðinga
 - styrkja heilsueflingarstarf
 - efla starf skólahjúkrunarfræðinga og námsráðgjafa
 - virkja kraft frjálsra félagasamtaka



Tillögur að aðgerðum

2) Upplýsingar og þjónusta heilsugæslunnar

– A) Tryggja þjónustu heilsugæslu

- Mikilvægt er að heilsugæslu séu sköpuð skilyrði til að geta sinnt fjölpættu hlutverki sínu, ekki síst á sviði heilsuverndar
- Tryggja að tekjubrestur takmarki ekki aðgengi fólks að heilbrigðisþjónustu eða forvörnum
- Skoða má hvort fólk geti ekki komist að í heilsugæslunni án þess að panta tíma
- Geðsvið LSH, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð gætu annast skipulagningu fræðslu og handleiðslu fyrir starfsfólk heilsugæslunnar í vaxandi mæli með það að markmiði að sérhæfð fagþekking yrði í meiri mæli eftir í heilsugæslunni



Tillögur að aðgerðum

- Nýta tiltækt fræðsluefni um streitu, kvíða, þunglyndi og fræða starfsmenn betur um áhrif langvarandi streitu á heilsufar og hegðun
- Halda á lofti einföldum bjargráðum geðheilsu og geðrækt og með áherslu á miðlun slíkra ráða til einstaklinga og fjölskyldna
- Sálfræðingar geðsviðs þjálfað starfsfólk heilsugæslunnar í ódýrum en gagnreyndum hópúræðum sem byggjast á **hugrænni atferlisnálgun við algengum tilfinningaröskunum** fyrir tiltölulega lítið fé



Tillögur að aðgerðum

3) Virknimiðstöðvar til félags- og heilsueflingar

- Virknimiðstöðvar til félags- og heilsueflingar
 - Rauðakrosshúsið, Virkjun, KA, Valur osfrv.

4) Upplýsingagjöf

- Sett verði upp vefsvæði (í tengslum við velferðarvakt), t.d. undir www.vakt.is, sem verði notað sem miðstöð söfnunar og miðlunar úrræða, fræðslu og meðferðar á netinu



Tillögur að aðgerðum

5) Ókeypis í sund

- Þess eru dæmi að sveitarfélög veiti atvinnuleitandi fólki aðgang að sundstöðum án endurgjalds. Æskilegt væri að þetta kæmi sem víðast til skoðunar og mætti hugsa sér að Vinnumálastofnun greiddi fyrir þá sundstaði í þeim sveitarfélögum sem tækju upp þetta fyrirkomulag.

6) Ókeypis aðgangur að list- og íþróttaviðburðum fyrir atvinnuleitendur

7) Frá virkni til verkefna

8) Að mæta þeim sem hafa mesta þörf fyrir þjónustu

9) Að verja það sem við eigum

10) Lífskjaratrygging þannig að enginn fái lægri upphæð en lágmarksupphæð lífeyris til framfærslu (186.000)

11) Auka þarf þjónustu félagsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðinga í grunn- og framhaldsskólum

12) Nýta fyrirbyggjandi þekkingu á sviði áfallastjórnunar og viðbragðsáætlana



“Promotion of Mental Health and Well-being of Children and Young People – Making it happen”

Thematic Conference Mental health in Youth and Education
Organised by European Commission and Swedish Ministry of
Health and Social Affairs under the auspices of the Swedish
Presidency

29th – 30th September 2009, Stockholm

Together with the further four thematic conferences, this first thematic conference will be a key

element in the **implementation of the European Pact for Mental Health and Well-being.**

Héðinn Unnsteinsson

